



Alþingi - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Akureyri, 30.03.2017
2017030146 / 01-106-05

Efni: Frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (afnám lágmarksútsvars), 120. mál

Bæjarráð hefur á fundi sínum þann 30. mars 2017 gert eftirfarandi bókun:

Bæjarráð tekur undir svohljóðandi bókun Hveragerðisbæjar frá 16. mars sl.:

"Bæjarráð varar við hugmyndum um afnám lágmarksútsvars og leggst gegn því að frumvarp um slíkt verði að lögum. Samband íslenskra sveitarfélaga og fjöldi sveitarfélaga hafa varað við samþykkt sambærilegs frumvarps sem lagt var fram árið 2014.

Frumvarpið virðist ekki snúast um að efla tekjustofna sveitarfélaga eða innbyrðis skiptingu þeirra heldur snýst það um að ákveðinn hópur launamanna á Íslandi skuli hafa möguleika á að sleppa að miklu eða öllu leyti við að greiða útsvar af launatekjum sínum þegar það tekur ákvörðun um búsetu. Á Íslandi sem og á öðrum Norðurlöndum hefur verið sátt um þá afstöðu að allir launþegar skuli greiða ákveðinn hluta af launum til samfélagslegra verkefna, skiptir þá fjárhagsleg staða viðkomandi sveitarfélags ekki máli.


Bæjarráð gerir orð Sambandsins frá 2014 að sínum þar sem segir m.a. "Þar sem fámenn sveitarfélög hafa miklar tekjur af álagningu fasteignaskatts gætu þær aðstæður skapast að þau gætu lækkað álagningarhlutfall útsvars verulega eða jafnvel niður í 0% ef lágmarksútsvar yrði afnumið með öllu. Það myndi skapa möguleika á innlendum skattaparadísnum og tilheyrandi "gervibúsetu" með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Íbúar þessara sveitarfélaga myndu því sleppa að miklu eða öllu leyti við að greiða útsvar af launatekjum sínum óháð upphæð launa."

Bæjarráð bendir á að ef frumvarp sem þetta ætti að verða að lögum yrði samhliða að gera gagngerar breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga til að komið verði í veg fyrir að sveitarfélög sem í dag hýsa til dæmis stöðvarhús vatnsaflsvirkjana eða stórar ríkisstofnanir gætu hyglað íbúum sínum fjárhagslega á grundvelli tekna sem þessi mannvirki veita.

Bæjarráð telur að afnám lágmarksútsvars brjóti gegn anda þess jafnræðis sem við sem þjóð viljum að ríki í okkar samfélagi og því leggst bæjarráð eindregið gegn samþykkt frumvarpsins."

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd bæjarstjóra


Elín Dögg Guðjónsdóttir
skjalastjóri



11.4.2017

Hér kemur bókun 181. fundar byggðaráðs Bláskógabyggðar 31. mars 2017 sem samþykkt var á 197. fundi sveitarstjórnar þann 6. apríl 2017 varðandi erindi ykkar.

Tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis dags. 14. mars 2017; frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (þingmál 120).


Lagt fram tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis þar sem kynnt er og óskað eftir umsögn Bláskógabyggðar um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (afnám lágmarksútsvars).

Byggðaráð Bláskógabyggðar leggst gegn samþykkt frumvarpsins þar sem það mun í grundvallaratriðum raska því jafnræði sem ríkt hefur í íslensku samfélagi og skapa grunn að misskiptingu skattgreiðslna launþega landsins. Byggðaráð Bláskógabyggðar tekur heilshugar undir athugasemdir Sambands íslenskra sveitarfélaga frá árinu 2014 um sama málefni, en þar segir:

„Þar sem fámenn sveitarfélög hafa miklar tekjur af álagningu fasteignaskatts gætu þær aðstæður skapast að þau gætu lækkað álagningarhlutfall útsvars verulega eða jafnvel niður í 0% ef lágmarksútsvar yrði afnumið með öllu. Það myndi skapa möguleika á innlendum skattaparadísum og tilheyrandi „gervibúsetu“ með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Íbúar þessara sveitarfélaga myndu því sleppa að miklu eða öllu leyti við að greiða útsvar af launatekjum sínum óháð upphæð launa.“

Vinsamlegast staðfestið móttöku þessa pósts
Kveðja

Sigurrós H Jóhannsdóttir
Sviðsstjóri stjórnarsýslusviðs
Bláskógabyggð





BOLUNGARVÍK

Bolungarvíkurkaupstaður

Aðalstræti 10-12

415 Bolungarvík

Efni: Umsögn vegna frumvarps til laga um tekjustofna sveitarfélaga (afnám lágmarksútsvars), 120. Mál.

Bæjarráð Bolungarvíkur tók fyrir á fundi sínum 28. Mars sl. erindi Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis um umsögn á ofangreindu frumvarpi. Bæjarráð bókaði eftirfarandi:

“Bæjarráð styður ekki framkomið frumvarp til laga um breytingu á tekjustofnum sveitarfélaga (afnám lágmarksútsvars). Bæjarráð bendir á umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna frumvarpsins þar sem fram kemur að sú lagabreyting sem lögð er til í frumvarpinu getur á engan hátt talist forgangsmál. Nær væri að unnið væri að breytingum á tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga þannig að sveitarfélög fái hlutdeild í auknum tekjum af auðlindum, sbr. ferðaþjónusta, fiskeldi, fiskveiðar og virkjanir.”

Virðingarfyllt,

Jón Páll Hreinsson

Bæjarstjóri



Alþingi

Kirkjustræti
150 Reykjavík

Borgarnesi, 23.03.2017
nr. erindis 1703083 GAJ

Efni: Umsögn byggðarráðs Borgarbyggðar um þingskjal 179 – 120. mál; 146 löggjafarþing 2016-2017; frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga 4/1995 með síðari breytingum (afnám lágmarksútsvars)

Byggðarráð Borgarbyggðar hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Ákvæði frumvarpsins fela það í sér að ákvæði um lágmarksútsvar sveitarfélaga verði afnumið.

„Byggðarráð Borgarbyggðar samþykkti á fundi sínum þann 23. mars 2017 að leggja alfarið gegn samþykkt frumvarpsins.“

Í eftirfarandi greinargerð er afstaða sveitarfélagsins skýrð frekar:

Í flestum vestrænum samfélögum hefur náðst almenn samstaða um að íbúar hvers samfélags greiði hluta af aflafé sínu til hins opinbera til að fjármagna samfélagslega þjónustu. Stjórnsýslustig á Íslandi eru tvö, ríki og sveitarfélög. Skattgreiðslur íbúanna renna til ríkis eða sveitarfélaga með greiðslu annað hvort beinna eða óbeinna skatta. Til að almenn sátt ríki um skattgreiðslur þá er það grundvallarkrafa að framkvæmd skattheimtu sé í öllum aðalatriðum þannig að milli íbúanna ríki ákveðið jafnræði. Það er þannig samfélagsleg skylda allra að taka þátt í fjármögnun samfélagsins eftir ákveðnum vel skilgreindum leikreglum. Það má til dæmis benda á að í Noregi er einungis eitt fast hlutfall þess tekjuskatts íbúanna sem rennur til sveitarfélaganna. Einnig má nefna sem dæmi að í Kaupmannahöfn er mikill munur á efnahag íbúa þeirra 29 sveitarfélaga sem mynda það samfélag sem almennt er nefnt Kaupmannahöfn. Íbúar hinna betur stæðu sveitarfélaga greiða allir ákveðið lágmarkshlutfall tekna sinna í skatt til sveitarfélagsins enda þótt í raun væri hægt að lækka álagningarhlutfallið ef einungis væri tekið mið af þörfum hvers sveitarfélags fyrir rekstrarfé. Í þeim tilvikum greiða þau sveitarfélög, þar sem íbúarnir eru almennt hátekjufólk, inn í svokallaða „höfuðborgarjöfnun“ sem gerir það kleyft að láta fjármuni renna til þeirra sveitarfélaga þar sem stór hluti íbúanna er lágtekjufólk eða á fjárhagsaðstoð. Það er gert til að hin efnahagslega veikari sveitarfélög geti einnig séð íbúum sínum fyrir lögbundinni þjónustu.

Komi upp sú staða að mikill munur sé á því hve einstaklingar í áþekkri stöðu greiði til samfélagsins þá geta áhrif þess orðið mikil. Þannig geta myndast brestir í þann samfélagsáttmála sem þarf að ríkja um fyrirkomulag skattgreiðslna. Slíkt getur fljótt haft viðtæk áhrif. Vitaskuld er aldrei hægt að tryggja algert réttlæti í þessum efnum en það er skylda opinberra aðila, bæði löggjafans og framkvæmdavaldsins, að tryggja sanngirni og jafnstöðu í þessum efnum eftir því sem fært er.

Sveitarfélög landsins leggja á útsvar og fasteignaskatt til að fjármagna þau lögbundnu verkefni sem þeim eru falin af lögjafanum. Álagning útsvars skal fara fram innan ákveðinna marka sem skilgreind eru í tekjustofnalögum sveitarfélaga. Aftur á móti er ekkert lágmark á A-skatti og C-skatti sem lagður er á fasteignir. Álagningarhlutfallið tekur mikið mið af þróun fasteignamats innan hvers sveitarfélags. Fasteignir eru ekki hreyfanlegar en einstaklingarnir eru það aftur á móti.


Staða sveitarfélaga hvað varðar styrk skattstofna er verulega breytileg. Í hluta sveitarfélaga er útsvarsstofninn veikur en í öðrum er hann sterkur. Sama gildir hvað varðar álagningarstofn fasteigna. Í vissum sveitarfélögum er hann mjög sterkur s.s. þar sem mikill fjöldi fasteigna (sumarhúsa) er innan sveitarfélagsins eða mjög stórir vinnustaðir svo sem stóriðjur eða vatnsorkuver. Viðkomandi sveitarfélög hafa því miklar tekur af fasteignasköttum og liggja langt yfir landsmeðaltal hvað það varðar. Í ýmsum tilvikum eru íbúar þessara sömu sveitarfélaga mjög fáir.

Væri ákvæði um lágmarksútsvar afnumið þá gætu þau sveitarfélög sem hafa mjög sterkan stofn til álagningar fasteignaskatts lækkað álagningarhlutfall útsvars eða jafnvel lagt af innheimtu útsvars án þess að það setti rekstur sveitarfélagsins í hættu. Það hefði í för með sér að íbúar viðkomandi sveitarfélags myndu greiða miklu lægri skatta af tekjum sínum heldur en íbúar annarra sveitarfélaga. Með því fyrirkomulagi væri verið að leggja grunn að því að skapa skattaparadisir í ákveðnum sveitarfélögum í landinu. Mjög líklegt væri að afleiðing þessa yrði að gervibúseta myndi byggjast upp í umtalsverðum mæli í viðkomandi sveitarfélögum. Mikill ábati væri að því fyrir almenning að skrá heimili sitt í lágskattasveitarfélagi í þeim tilgangi að greiða lægri skatta. Það hefði í för með sér að það jafnvægi og sátt sem almennt er til staðar um fyrirkomulag tekjustofna sveitarfélaga myndi raskast. Slík vegferð yrði engum til farsældar nema þeim einstaklingum sem nytu skattahagræðis vegna þessara breytinga. Hún yrði allra síst til þess að styrkja sveitarstjórnarstigið því eftir sætu önnur sveitarfélög sem myndu sjá á eftir skattgreiðendum til fyrrgreindra lágskattasveitarfélaga. Þau stæðu frammi fyrir lækkun útsvarstekna en rekstrarkostnaður væri óbreyttur.

Á fyrrgreindum forsendum leggst byggðarráð Borgarbyggðar gegn frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga 4/1995 sem felur í sér afnám lágmarksútsvars.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt
Gunnlaugur A. Júlíusson
sveitarstjóri



6.4.2017

Góðan daginn

Sendi hér bókun bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs frá fundi hennar 5. apríl sl.

Kv. Stefán Br.

201703063 - Frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (afnám lágmarksútsvars)

Eftirfarandi tillaga lög fram:

Bæjarstjórn tekur undir með bæjarráði og er algerlega andsnúin efni frumvarpsins.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

30.3.2017

Góðan daginn

Varðar: Frumvarp til laga um breytingu á [lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995](#), með síðari breytingum (afnám lágmarksútsvars). 146. löggjafarþing 2016–2017. Þingskjal 179 — 120. mál.

Frumvarpið, verði það að lögum, gefur fámennum sveitarfélögum sem hafa örugga tekjustofna umfram önnur sveitarfélög færi á því að lækka álagningahlutfall úrsvars verulega og jafnvel alveg niður í 0 %.

Sveitarstjórn telur að lagasetning sem býður upp á slíka mismunun samræmist ekki markmiðum um að hafa jafnræði og velferða allra íbúa landsins að leiðarljósi.

Því telur sveitarstjórn Flóahrepps það vera óeðlilegt að skapa fámennum tekjuháum sveitarfélögum möguleika á að skapa nokkurs konar skattaparadísir á þeim forsendum að þar eru staðsett mannvirki sem jafnvel eru í eigu almennings á Íslandi og bera háa fasteignaskatta.

Þetta frumvarp er því gert til þess að skapa möguleika á innlendum skattaparadísum með tilheyrandi „gervibúsetu“ með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Sveitarstjórn Flóahrepps hafnar því með öllu framkomnu frumvarpi um afnám lágmarksútsvars.

Eydís Þ. Indriðadóttir
Sveitarstjóri Flóahrepps

Flóahreppur
Þingborg
800 Selfoss
www.floahreppur.is
floahreppur@floahreppur.is
Sími: 480 4370

Grindavík, 22. mars 2017

Nefndasvið Alþingis

Með tölvupósti dags. 14. mars 2017 var Grindavíkurbæ sent til umsagnar frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga. Bæjarráð Grindavíkur tók málið á dagskrá 21. mars 2017 og samþykkti svofellda ályktun:

Bæjarráð Grindavíkur ræddi frumvarpið í desember 2014 og afstaða þess hefur ekki breyst. Þá taldi bæjarráð mikilvægt að við mat á því hvort æskilegt væri að afnema lágmarksútsvar, yrðu könnuð áhrif slíkra breytinga á aðra tekjustofna sveitarfélaga, ekki síst Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og framlög hans til sveitarfélaga sem kjósa að afnema lágmarksútsvar.

Þetta tilkynnist hér með

Með kveðju

Fannar Jónasson
Bæjarstjóri Grindavíkurbæjar



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Borg, 10. apríl 2017

Efni: Umsögn vegna frumvarps til laga um tekjustofna sveitarfélaga (afnám lágmarksútsvars), 120. mál.

Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps þann 5. apríl s.l. var lögð fram beiðni frá Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, dags. 14. mars 2017 þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins á frumvarpi til laga um tekjustofna sveitarfélaga (afnám lágmarksútsvars), 120. mál.

Eftirfarandi bókun var gerð:

17. Beiðni Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um tekjustofna sveitarfélaga (afnám lágmarksútsvars), 120. mál.

Fyrir liggur beiðni Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 14. mars, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (afnám lágmarksútsvars). Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps mótmælir harðlega hugmyndum um afnám lágmarksútsvars. Að auki bendir sveitarstjórn á að ótækt sé að taka slíka ákvörðun án heildarendurskoðunar á Jöfnunarsjóðsframlögum sem tæki mið af slíku fyrirkomulagi útsvars

Virðingarfyllt,
f.h. sveitarstjórnar



SVEITARSTJÓRI
GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPS

Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri



HAFNARFJÖRÐUR

Alþingi 6.4.2017

Málsnr.: 1702078

Málalykill: 0.34.3

Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Hafnarfirði, 31. mars 2017
1703429 AUT

Á fundi bæjarstjórnar þ. 29.mars sl. var eftirfarandi tekið fyrir:

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum, 120 mál til umsagna.

Bæjarstjórn samþykkir með 7 atkvæðum atkvæðum að leggjastst alfarið gegn samþykkt frumvarps um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, og tekur undir sjónarmið sem fram koma í umsögnum Sambands íslenskra sveitarfélaga um áður framlögð frumvörp sama efnis.

Rökin fyrir lágmarksútsvarshlutfalli eru þau að allir íbúar landsins sem greiða skatt af tekjum sínum á annað borð skuli greiða sinn lágmarkshluta af kostnaði við þá samfélagsþjónustu sem hið opinbera veitir íbúum landsins. Þau rök hafa í engu breyst frá því að lög um lágmarkshlutfall útsvars voru sett árið 1993.

Með afnámi lágmarksútsvars yrði aukið enn á þann kerfislæga ójöfnuð sem er í núverandi tekjugrunni íslenskra sveitarfélaga og ítrekað hefur verið bent á að þarfnist úrbóta. Ef gera á breytingar á gildandi fyrirkomulagi væri eðlilegra að auka tekjujöfnun milli sveitarfélaga þannig að öllum íbúum landsins sé í reynd tryggð viðunandi og sambærileg grunnþjónusta óháð tekjum íbúanna.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar tekur sömuleiðis undir framkomin sjónarmið, m.a. frá bæjarráði Hveragerðisbæjar, um að með afnámi lágmarksútsvars yrði gengið þvert gegn ofangreindum markmiðum og skapaðar forsendur fyrir innlendum skattaparadísnum og tilheyrandi "gervibúsetu" með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Slíkt myndi jafngilda rofi á þeirri sátt sem ríkt hefur í okkar samfélagi um að íbúar landsins fjármagni grunnþjónustuna í sameiningu.

Fjórir greiddu atkvæði á móti framangreindri tillögu.

Virðingarfyllst,

Auður Porkelsdóttir
skrifstofustjóri

Sæl

Hér sendist umsögn sveitarstjórnar Hrunamannahrepps vegna frumvarps til laga um tekjustofna sveitarfélaga (afnám lágmarksútsvars) sem tekin var fyrir á fundi þann 6. apríl. s.l.

1. **Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (afnám lágmarksútsvars).**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis um umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga. Sveitarstjórn lýsir sig alfarið á móti þessu frumvarpi. Með því er verið að gera ákveðnum sveitarfélögum með mjög sérstaka tekjustofna kleift að verða skattaparadísir.

Kveðja

JGV



Húnathing vestra

Hvammstangabraut 5 • 530 Hvammstangi
Sími 455 2400 • Fax 455 2409
www.hunathing.is • Kt. 540598-2829

Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Hvammstanga, 30. mars 2017

Efni: Umsögn Húnathing vestra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga 4/1995 með síðari breytingum (afnám lágmarksútsvars), þingskjal 179, mál 120.

Byggðarráð Húnathing vestra leggst alfarið gegn samþykkt frumvarpsins og bendir á umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna frumvarpsins þar sem fram kemur að í öðrum norrænum ríkum er alls staðar kveðið á um að lágmarksútsvar (sá hluti tekjuskatts einstaklinga sem rennur til sveitarfélaganna) sé lögbundið. Þá telur byggðarráð að afnám lágmarksútsvars brjóti gegn anda þess jafnræðis sem við sem þjóð viljum að ríki í okkar samfélagi.

Byggðarráð hvetur flutningsmenn frumvarpsins til þess að einbeita sér að breytingum á tekjustofnum sem snúa beint að rekstri ríkissjóðs.

Virðingarfyllt,


Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

SVEITARSTJÓRI
HÚNAPINGS VESTRA

Eftirfarandi umsögn bæjarráðs Hveragerðisbæjar um þingmál nr. 120, frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga var samþykkt á fundi bæjarráðs Hveragerðisbæjar þann 16. mars 2017.

Frumvarpið virðist ekki snúast um að efla tekjustofna sveitarfélaga eða innbyrðis skiptingu þeirra heldur snýst það um að ákveðinn hópur launamanna á Íslandi skuli hafa möguleika á að sleppa að miklu eða öllu leyti við að greiða útsvar af launatekjum sínum þegar það tekur ákvörðun um búsetu. Á Íslandi sem og á öðrum Norðurlöndum hefur verið sátt um þá afstöðu að allir launþegar skuli greiða ákveðinn hluta af launum til samfélagslegra verkefna, skiptir þá fjárhagsleg staða viðkomandi sveitarfélags ekki máli.

Bæjarráð gerir orð Sambandsins frá 2014 að sínum þar sem segir m.a. "þar sem fámenn sveitarfélög hafa miklar tekjur af álagningu fasteignaskatts gætu þær aðstæður skapast að þau gætu lækkað álagningarhlutfall útsvars verulega eða jafnvel niður í 0% eflámarksútsvar yrði afnumið með öllu. Það myndi skapa möguleika á innlendum skattaparadísunum og tilheyrandi „gervibúsetu" með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Íbúar þessara sveitarfélaga myndu því sleppa að miklu eða öllu leyti við að greiða útsvar af launatekjum sínum óháð upphæð launa."

Bæjarráð bendir á að ef frumvarp sem þetta ætti að verða að lögum yrði samhliða að gera gagngerar breytingar á öðrum greinum laga um tekjustofna sveitarfélaga til að komið verði í veg fyrir að sveitarfélög sem í dag hýsa til dæmis stöðvarhús vatnsaflsvirkjana eða stórar ríkisstofnanir gætu hyglað íbúum sínum fjárhagslega á grundvelli tekna sem þessi mannvirki veita.

Bæjarráð telur að afnám lágmarksútsvars brjóti gegn anda þess jafnræðis sem við sem þjóð viljum að ríki í okkar samfélagi og því leggst bæjarráð eindregið gegn samþykkt frumvarpsins.

Þessi afgreiðsla bæjarráðs tilkynnist hér með

Virðingarfyllt
Aldís Hafsteinsdóttir
bæjarstjóri Hveragerðisbæjar

Eftirfarandi bókun var gerð á 969. fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar, 27. mars 2017.

2017020032 - Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2017

Lagður fram að nýju tölvupóstur Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur, f.h. nefndasviðs Alþingis, dagsettur 14. mars sl. þar sem umsagnar er óskað um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (afnám lágmarksútsvars), 120. mál. Umsögn berist eigi síðar en 30. mars nk. Málið var áður á dagskrá bæjarráðs 20. mars sl.

Bæjarráð ítrekar umsögn sína frá árinu 2014:

"Bæjarráð Ísafjarðarbæjar leggst alfarið gegn því að ákvæði um lágmarksútsvar sveitarfélaga verði afnumið. Með slíkri aðgerð væri ýtt undir aðstöðumun á milli sveitarfélaga á landinu og samkeppni þeirra á milli. Jafnframt væri hætt á því að ójöfnuður í samfélaginu mundi aukast þar sem einstaka sveitarfélög gætu boðið útsvarsprósentu sem væri miklum meirihluta þeirra ómögulegt að bjóða. Þá er líklegt að skekkja myndi myndast á milli þess hvar fólk býr og hvar það þiggur sína þjónustu. Rökin fyrir lögbindingu lágmarksútsvarshlutfalls eru þau að allir íbúar landsins sem greiða skatt af tekjum sínum á annað borð skuli greiða sinn lágmarkshluta af kostnaði við þá samfélagsþjónustu sem sveitarfélögin veita íbúum landsins. Þau rök eiga jafnvel við nú og þegar lögin um tekjustofna sveitarfélaga vorusamþykkt árið 1995."

Bókun bæjarráðs tilkynnist hér með.

Hjördís Práinsdóttir
Skjalastjóri Ísafjarðarbæjar

28.3.2017

Góðan dag

Á fundi bæjarráðs Kópavogs þann 23. mars sl. var lagt fram til umsagnar frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga, 120. mál. Á fundinum var gerð bókun sem óskað var að yrði send efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis. Eftirfarandi er bókunin:

1703754 - Bæjarráð - 2863 (23.3.2017) - Til umsagnar: Frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (afnám lágmarksútsvars), 120. mál.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, dags. 14. mars, lagt fram til umsagnar frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (afnám lágmarksútsvars), 120 mál (þingmannamál).

Bæjarráð vísar málinu til bæjarlögmanns til afgreiðslu.

Bókun Karenar E. Halldórsdóttur:

"Sveitarfélög reyna langflest hver að halda sínu útsvari í eins miklu lágmarki og rekstur bæjarfélaganna leyfir hverju sinni. Því starfi sinna sveitarstjórnarfulltrúar allsstaðar á landinu af mikilli samviskusemi. Hvergi á landinu má greina óþarfa útsvars"þíningu" sveitarfélaga. Verkefni þeirra eru ekki lítilvægleg og snúa m.a. að rekstri grunnskóla, leikskóla, velferðarþjónustu og skipulagningu nýrra hverfa. Við hafa bæst verkefni vegna mikils fjölda ferðamanna sem leitt hefur m.a. til húsnaðisskorts á höfuðborgarsvæðinu og mikils álags á helstu ferðamannastaði og innviði landsins.

Ég vil hvetja flutningsmenn frumvarpsins til þess að einbeita sér að breytingum á tekjustofnum sem lúta beint að rekstri ríkissjóðs sem að lokum eiga að greiða fyrir innviðauppbyggingu samfélagsins. Þegar og ef slíkt verður skoðað, að hafa þá jafnvel í huga hvort sveitafélög ættu að fá hlutdeild í tekjustofnum ríkisins vegna verkefna sinna."

Undirrituð hefur óskað eftir að bókunin verði send efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Bókun Ásu Richardsdóttur og Margrétar Júlíu Rafnsdóttur:

"Tek undir bókun Karenar Elísabetar Halldórsdóttur og hvet Alþingismenn til að hafna þessu frumvarpi."



Norðurþing

Ketilsbraut 7-9 640 Húsavík sími 464-6100 nordurthing@nordurthing.

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Húsavík, 20. mars 2017
nr. erindis 201703074 MHV


Á 208. fundi byggðarráðs Norðurþings var tekið fyrir neðangreint erindi.

Efnahags- og viðskiptanefnd: Til umsagnar 120. mál, frumvarp til laga um tekjustofn sveitarfélaga (afnám lágmarksútsvars)

Byggðarráð leggst alfarið gegn markmiðum frumvarps til laga um tekjustofn sveitarfélaga um afnám lágmarksútsvars og felur sveitarstjóra að koma þeim skilaboðum til alþingis og þingmanna kjördæmisins.

Þessi afgreiðsla byggðarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,
f.h. sveitarstjóra Norðurþings


Margrét Hólm Valsdóttir
Skrifstofustjóri – staðgengill sveitarstjóra
Norðurþing - Húsavík

Nefndarsvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
nefndarsvid@althingi.is



19.04.20

1703011 IBE

s. 1/1

Efni: Frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga, 120. mál.

Á fundi sveitarstjórnar Reykhólahrepps sem haldinn 11. apríl 2017, var tekið til afgreiðslu mál 1703011 – Mál frá Alþingi, frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (afnám lágmarks-
tsvars), 120. mál.

Eftirfarandi bókun var gerð.

*Sveitarstjórn Reykhólahrepps leggst alfarið gegn breytingum á tekjustofnalögum sem fela í sér
afnám lágmarksútsvars og tekur undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um sama efni
og ýtarlega umsögn sambandsins frá 144. löggjafarþingi um sama mál. Samþykkt samhljóða.*

Það tilkynnist hér með

Með kvæði

Ingibjörg B. Erlingsdóttir
sveitarstjóri
SVEITARSTJÓRI

sveitarstjori@reykholar.is

Umsögn

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga með síðari breytingum (afnám lágmarksútsvars), 120 mál.

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Fjármálastjóri

Fyrir efnahags- og viðskiptanefnd alþingis liggur frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 4/1995 með síðari breytingum (120 mál) sem felur í sér að fella niður lágmarksútsvar sem nú er 12,44%. Skrifstofa borgarstjórnar hefur óskað eftir að Fjármálaskrifstofa veiti umsögn um frumvarpið.

Rökin fyrir því að hafa lögbundið lágmarksútsvar eru þau að sanngjarnt þykir að allir launamenn greiði ákveðið lágmarkshlutfall atvinnutekna til að fjármagna almannajónustu sveitarfélaganna. Þetta er viðtekin regla hér á landi eins og á öðrum Norðurlöndum þar sem hún þykir sjálfsögð. Nú er ljóst að útsvarstekjur og aðrar skatttekjur standa hjá mörgum smærri sveitarfélögum hér á landi ekki undir útgjöldum vegna lögbundinna verkefna sveitarfélaga. Til að reyna að tryggja fjármögnun þessara verkefna í öllum sveitarfélögum landsins fær Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hluta af útsvarstekjum sveitarfélaga og hlutdeild í heildarskatttekjum ríkisins til að endurdreifa skattfé eftir ákveðnum jöfnunarreglum. Þegar horft er heildstætt á hlutverk sveitarfélaga og jöfnunarkerfið má með gildum halda því fram að ein af forsendum þess sé að útsvarshlutfall sé alls staðar hið sama eins og í Noregi og þau sveitarfélög sem hafa tekjuhærra launamenn og/eða léttari útgjöld vegna almannajónustu t.d. vegna lítilla útgjalda til velferðarmála ættu að leggja meira fé inn í jöfnunarkerfið en önnur.

Grunnhugmyndin að baki jöfnunarkerfinu er að tryggja að allir landsmenn eigi að geta treyst því að fá sambærilega almannajónustu án tillits til búsetu. Að íbúar þurfi ekki að flytja búferlum eftir atvinnumissi og tekjubrest vegna þess að þeir fái ekki raunverulega styrki til framfærslu eða þjónustu vegna fötlunar og skorts á velferðarúrræðum til fatlaðra. Sveitarfélag ætti ekki að hafa val um að bjóða lágt útsvarshlutfall og taka ekki þátt í því velferðarkerfi sem landsmenn eiga rétt á að njóta óháð búsetu. Það er ekkert eðlilegt við það að Reykjavíkurborg með tiltölulega háa fjárhagsaðstoð og tiltölulega mikil úrræði fyrir fólk í húsnæðisvanda laðar til sín fólk af öllu landinu þar sem minni þjónusta er boðin. Hugmyndin um afnám lágmarksútsvars vinnur gegn velferðarkerfinu og jöfnun réttinda án tillits til búsetu.

Varðandi lögin um tekjustofna sveitarfélaga þá er brýnt að auka heimildir sveitarfélaga til tekjuöflunar frá því sem nú er. Ljóst er að núverandi tekjustofnar tryggja ekki sjálfbærni sveitarfélaga í merkingu laga um opinber fjármál og rýning á fjármögnun sveitarfélaganna leiðir fram nauðsyn þess að efla tekjustofnanna. Þetta er verkefni sem þarf að skoða fljótt og finna lausn á.



Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri

Reykjavík, 30. mars 2017
R2017030029/12.8.4

Alþingi, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK


Kt. 420169-3889

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum (afnám lágmarksútsvars) - 120 mál, þskj. 179


Ríkisskattstjóri þakkar fyrir tölvupóst sem barst 14. mars 2017 þar sem gefinn er kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Með frumvarpinu er lagt til að ákvæði um lágmarksútsvar sveitarfélaga verði afnumið. Um pólitíska ákvörðun er að ræða sem ríkisskattstjóri tekur ekki afstöðu til.

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra



Ingvar J. Rögnvaldsson



Birgitta Arngrímsdóttir

Móttakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Nafn sendanda: Sandgerðisbær

Dagsetning: 29.03.2017

Heiti máls: Frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (afnám lágmarksútsvars)

Málsnúmer: 120

Bæjarráð Sandgerðisbæjar ítrekar fyrri umsögn sína til þessa máls frá árinu 2014.

Bæjarráð Sandgerðisbæjar leggst alfarið gegn því að ákvæði um lágmarksútsvar sveitarfélaga verði afnumið. Með slíkri aðgerð væri ýtt undir aðstöðumun á milli sveitarfélaga í landinu og samkeppni þeirra á milli. Jafnframt yrði hætt á því að ójöfnuður í samfélaginu myndi aukast þar sem einstaka sveitarfélög gætu boðið útsvarsprósentu sem væri miklum meirihluta þeirra ómögulegt að veita. Þá er líklegt að skekkja gæti myndast á milli þess hvar fólk býr og hvar það þiggur sína þjónustu. Rétt er einnig að benda á að afnám ákvæðis um lágmarksútsvar myndi veikja íslensk sveitarfélög sem öflugar sjálfstæðar stjórnsýslueiningar sem bera ábyrgð á miklu af þeirri nærþjónustu sem landsmenn njóta.

Sigrún Árnadóttir bæjarstjóri



SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

Kt. 560269-4559 – Sími: 470 2300 – Fax: 472 1588

Pósthólf 15 – Hafnargata 44 – 710 Seyðisfjörður

Netfang: sfk@sfk.is – Veffang: www.seydisfjordur.is

Seyðisfirði 16.mars. 2017

Alþingi
bt.efnahags og viðskiptanefndar
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Efni: Útskrift úr fundargerð 2389. fundar bæjarráðs Seyðisfjarðarkaupstaðar 15.03.2017.

Eftirfarandi fært til bókar:

Miðvikudaginn 15.03.17 kom bæjarráð Seyðisfjarðar saman til fundar á skrifstofu bæjarins að Hafnargötu 44. Fundurinn hófst kl. 16:00.

Mætt: Margrét Guðjónsdóttir, Elfa Hlín Pétursdóttir og Vilhjálmur Jónsson sem ritaði fundargerð.


Dagskrá: Erindi

1.13 Alþingi 14.03.17. Frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (afnám lágmarksútsvars), 120. mál.

Bæjarráð veitti umsögn um frumvarp sama efnis 26.11.14.

Bæjarráð áréttar fyrri umsögn sem er eftirfarandi. „Bæjarráð telur að huga þurfi að tekjuöflun og tekjustofnum sveitarfélaga með heildrænum hætti, áður en farið er í þá breytingu sem lögð er til í frumvarpinu“.

Virðingarfyllst,



Inga Þorvaldsdóttir.

Góðan dag,

Á fundi bæjarráðs Árborgar 23. mars sl. var tekið fyrir erindi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (afnám lágmarksútsvars).

Eftirfarandi var bókað:

Bæjarráð Árborgar mótmælir harðlega hugmyndum um afnám lágmarksútsvars. Að auki bendir bæjarráð á að ótækt sé að taka slíka ákvörðun án heildarendurskoðunar á Jöfnunarsjóðsframlögum sem tæki mið af slíku fyrirkomulagi útsvars.

Framangreint tilkynnist hér með.



GARÐUR

Garði, 30.03.2017
1703043 MS

00.03.08

Alþingi
Nefndasvið
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga (afnám lágmarksútsvars).


Vísað er í tölvupóst frá Nefndasviði Alþingis dags. 14.mars 2017, þar sem Efnahags-og viðskiptanefnd Alþingis sendir sveitarfélaginu til umsagnar frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (afnám lágmarksútsvars), 120. mál.

Á fundi bæjarráðs Garðs þann 30. Mars 2017 var framangreint mál til umfjöllunar. Eftirfarandi er bókun bæjarráðs um málið:

„Bæjarráð Garðs mælir gegn því að Alþingi samþykki frumvarpið. Frumvarp sama efnis hefur áður verið lagt fram á Alþingi og hafa sveitarfélög og Samband íslenskra sveitarfélaga lagst eindregið gegn því að frumvarpið verði samþykkt. Bæjarráð bendir á að með frumvarpinu sé ekki verið að gæta hagsmuna sveitarfélaga og tekjustofna þeirra, heldur snýst það um að hluti launþega geti komist hjá því að greiða eðlilega skatta af sínum launatekjum. Ef frumvarpið verður samþykkt gætu launþegar því valið sér búsetu í sveitarfélögum sem búa við þá aðstöðu að hafa miklar tekjur af t.d. orkumannvirkjum og gætu haft svigrúm til að draga verulega úr innheimtu útsvars eða jafnvel lagt það af. Það getur m.a. haft í för með sér gervibúsetu í slíkum sveitarfélögum, til þess að viðkomandi komist hjá því að bera útsvar, sem er með öllu óeðlilegt. Þá vegur frumvarpið að jafnræði í skattheimtu, bæði milli launþega og sveitarfélaga.“

Umsögn bæjarráðs Garðs um framangreint mál er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,


Magnús Stefánsson
Bæjarstjóri Garðs

22.3.2017

Góðan dag.

Eftirfarandi var bókað á 231. fundi Bæjarráðs Sveitarfélagsins Voga þann 22. mars 2017.

Alþingi sendir til umsagnar frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (afnám lágmarksútsvars), 120. Mál

Erindið lagt fram.

Umsögn bæjarráðs: Meirihluti bæjarráðs leggst gegn afgreiðslu frumvarpsins. Björn Sæbjörnsson situr hjá við afgreiðslu málsins.

Þetta tilkynnist hér með.

Með kveðju.

Jóna Guðmundsdóttir
Sveitarfélagið Vogar
lðndal 2
190 Vogar
Sími: 440-6200
www.vogar.is

